

Lýðheilsustefna Kópavogsbæjar

Lifandi Kópavogur

Heilsa er líkamleg, andleg og félagsleg vellíðan en ekki einungis það að vera laus við sjúkdóma og örorku (Alþjóðaheilbrigðismála-stofnunin, 1948).

Undirbúningur

Árið 2016 eru 30 ár síðan heilsuefling var sett á oddinn af rannsakendum, forystufólki og sérfræðingum í lýðheilsufræðum. Árið 1986 hélt Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin sína fyrstu ráðstefnu um heilsueflingu í Ottawa, Kanada. Þar var staðfest skilgreiningin á heilsueflingu sem „**ferlið sem felst í því að virkja fólk til að auka hæfni og bæta þar með eigin heilsu**“. Fyrir þann tíma var heilsa einungis skilgreind sem *ástand án sjúkdóma*. Með auknum rannsóknum á þessu sviði hefur mikil þróun í átt að aukinni heilsueflingu átt sér stað og um leið áhugi á bæjarskipulagi og innviðum tengdum heilsu íbúa. Í málefнасamningi um meirihlutasamstarf Bjartrar framtíðar og Sjálfstæðisflokks var staðfest að Lýðheilsustefna yrði unnin innan bæjarfélagsins á tímabilinu 2014 - 2018. Þeirri vinnu hefur verið lokið með þessari tillögu.

Með þverfaglegri lýðheilsustefnu í sveitarfélaginu, þar sem horft er til þátta sem hafa áhrif á heilsu og vellíðan bæjarbúa verður unnið að markvissum aðgerðum í skipulagi, umhverfi, með heilsueflingu og mælanlegum markmiðum. Vinnan hófst á undirritun samnings við Embætti landlæknis (EL) um aðild að verkefninu Heilsueflandi samfélag sem EL leiðir. Sú undirritun átti sér stað þann 11. ágúst 2015. Lýðheilsufræðingur var ráðinn til að stýra vinnu stýrihóps sem var skipaður starfsmönnum af öllum sviðum stjórnsýslunnar, ásamt tveimur bæjarfulltrúum, einum úr meirihluta og einum úr minnihluta og fulltrúa Markaðsstofu Kópavogs. Með þessu var tryggt að öll svið ásamt minni- og meirihluti, hefðu fulltrúa í vinnunni.

Þegar horft er fram á veginn er vert að skoða hvar við stöndum í dag og leggja línurnar fyrir næstu skref. Tölfræðilegum gögnum og ýmsum stefnum bæjarfélagsins voru gerð skil í greiningarskýrslu þar sem fram kom staða sveitarfélagsins í lýðheilsumálum í dag. Jafnframt voru haldnir tveir íbúafundir til að kanna áherslur íbúa gagnvart málefninu og þeim gerð skil. Unnið var með niðurstöður skýrslunnar til að marka lýðheilsustefnu Kópavogsbæjar. Stýrihópurinn skilaði af sér skýrslu um stöðu lýðheilsamála í Kópavogi síðla árs 2016, sem og aðgerðaráætlun unna eftir niðurstöðum skýrslunar og tillögu að lýðheilsustefnu sem að því loknu fór í umsagnarferli fyrir nefndum og ráðum bæjarins. Að því loknu var hún bætt eftir ábendingum sem voru margvíslegar og gagnlegar.

Sérstök ráðherranefnd um samræmingu mála samþykkti þann 4. okt 2016 lýðheilsustefnu ásamt áætlun um aðgerðir sem eiga að stuðla að heilsueflandi samfélagi. Lýðheilsustefna Kópavogs uppfyllir þá stefnu stjórnvalda. Einnig var litið til geðheilbrigðisstefnu sem stjórnvöld samþykktu á haustmánuðum við vinnslu áætlunarinnar með tillit til forgangsroðunar.

Með þessari stefnu skapast tækifæri til að byggja upp lýðheilsuvænt sveitarfélag, þar sem unnið verður að því að auka jöfnuð í sjálfbærnu samfélagi sem stuðlar að vellíðan fyrir alla íbúa. Heildræn þverfagleg lýðheilsustefna sem unnin er með starfsmönnum af öllum sviðum bæjarins er skref í rétta átt að yfirlýstri stefnu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunar og Embættis landlæknis um Heilsu í allar stefnur (e. Health in all policies).

Lýðheilsustefna Kópavogsbæjar - Yfirmarkmið

Að Kópavogur verði þekktur fyrir að vera lifandi og jákvætt samfélag sem stuðlar að vellíðan meðal íbúa á öllum aldurskeiðum með jöfnuð til heilsu að leiðarljósi.

- Jöfnuður til heilsu hjá öllum aldurshópum með sérstöku tilliti til viðkvæmra hópa
- Heilsueflandi stofnanir, starfsemi og starfsstaðir innan bæjarins
- Samstarf og samráð við íbúa og hagsmunaaðila er í fyrirrúmi
- Öryggi og vellíðan allra íbúa skiptir sköpum

Sex meginmarkmið Lýðheilsustefnu Kópavogsbæjar

M-1 Heilsuefling innan stofnana starfsemi og starfsstaða bæjarins

Heilsuefling verði sýnileg innan stofnana og fyrirtækja bæjarins óháð aldri eða getu þeirra sem þar starfa eða búa með margvíslegum leiðum. Hvatningarverðlaun Kópavogs verði veitt til fyrirtækja sem þykja standa sig best þegar kemur að heilsueflingu.

M-1 Stuðla að neyslu hollrar fæðu

Stuðla að betra aðgengi að hollri fæðu í húsnaði og á viðburðum bæjarins. Morgunmatur í skólum gerður aðgengilegur fyrir alla og unnið að aðgerðum til að sporna við matarsóun.

M-2 Samstarf við heilsugæslustöðvar og aðra hagsmunaaðila

Stuðlað að auknu samstarfi við heilsugæslustöðvar og aðra hagsmunaaðila innan bæjarfélagsins. Stuðningur bæjarfélagsins við heilsugæsluna vegna hreyfiseðla með auknu aðgengi að nýtingu mannvirkja og auknum upplýsingum.

M-4 Aukin geðrækt

Auka þekkingu á þeim þáttum sem hafa áhrif á geðheilsu. Lögð verður áhersla á fræðslu sem getur stuðlað að bættri vellíðan fyrir alla aldurshópa, einnig innan fyrirtækja og stofnana bæjarins.

M-5 Skapa umhverfi sem hvetur til aukinnar hreyfingar og útvistar

Efla göngu- og hjólastígakerfið sem eru grunnur vistvænna samgangna og bæta merkingar og upplýsingagjöf. Kynna betur opin svæði sem bjóða upp á afþreyingu og slökun fyrir íbúa og nýta betur íþróttamannvirkin í þágu fullorðinna og fjölskyldna. Auka lífsgæði íbúa með auknu aðgengi að ræktunarsvæðum fyrir grænmeti.

M-6 Umhverfi og öryggi

Áhersla á bætt öryggi í umhverfi íbúa. Horft verður til gönguleiða skólabarna, öryggis á göngu- og hjólastígum og umferðaröryggisáætlunar. Þá er einnig mikilvægt öryggisatriði að fylgja stöðlum og reglum þegar kemur til hljóð,- vatns,- og loftmengunar.